



Árþing 16. apríl 2021

Svæðisskipulag og framtíðin

umræða um skipulagsmál og stefnumótun

Landsskipulagsstefna


- Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu í skipulagsmálum fyrir landið í heild til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu.
- Aðrar skipulagsáætlanir eiga að taka mið af og vera í samræmi við hana
- Mun einnig taka til skipulags haf- og strandsvæða

Síðan koma aðrar skipulagsáætlanir:


- Svæðisskipulag
- Aðalskipulag
- Deiliskipulag

Svæðisskipulag

- Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál og svæðisbundnar áherslur, svo sem um byggðaþróun, samgöngur eða landnotkun.



6 svæðisskipulög í gildi



- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040
- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
- Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025
- Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030

Til hvers svæðisskipulag?

- Sameiginlegir hagsmunir.
 - Samgöngur, - verkefnalisti fyrir stjórnvöld, hafnir, flugvöllir, vegir
 - Auðlindir, - orkuvinnsla, efnistaka, ræktunarland, verndun
 - Flutningskerfi raforku
- Frekari útfærsla landsskipulagsstefnu
 - T.d. loftslagsmiðað skipulag
 - Staðarmótun og landslagsvernd
- Samræming innan svæðisins
 - T.d. landnotkunar/nýtingar
 - Byggðaðróunar
 - Atvinnustefnu
 - Ferðamálastefnu
 - Annarra mála, t.d. skólamála, heilbrigðisþjónustu, félagsmála??
- Leiðbeinandi við gerð og þróun aðalskipulags hvers sveitarfélags
- Stefnumótun til framtíðar í ýmsum málaflokkum

Svæðisskipulag Eyjafjarðar, reynslan

- Þungt í vöfum, skipulagsferlar tímafrekir og formfastir
- Dýrt
- Sveitarstjórnir vilja vera sjálfstæðar
- Þyrfti enn meira fjármagn og vinnu til að sinna hlutverki sínu að fullu
- Ekki það leiðarljós til famtíðar sem það gæti verið
- Dregur fram ágreining ekki síður en sameiginlega hagsmuni þegar á reynir
- Sumir telja það óþarfan millilið milli landsskipulagsstefnu og aðalskipulags
- Getur verið góður samræðuvettvangur fyrir sveitarfélögin
- Kannski er sameiginleg stefnumótun í málaflokkum gagnlegri?

Svæðisskipulag SSNEsvæðis?

- Þyrfti að koma í stað þeirra svæðisskipulaga sem fyrir eru
- Þyrfti að taka á hagsmunamálum innan svæðis, sumum kannski erfiðum
- Yrði því líklega að vera mjög almenn stefna í málaflokkum
- Yrði tæplega mikil eða nákvæm leiðsögn fyrir sveitarfélög
- Gæti samt verið lifandi leiðsögn inn í framtíð ef samstaða er um það
- Þarf þá stöðuga umræðu og endurnýjun, lifandi samstarf 13 sveitarfélaga (núna 😊)
- Slíkt starf krefst vakandi sérfræðivinnu og jákvæðni allra, bæði faglega og með fjármagn, þyrfti líklega sér skrifstofu með tilheyrarndi rekstri
- Gæti mögulega styrkt svæðið í hagsmunagæslu út á við
- Skrifstofa gæti mögulega sinnt verkefnum í skipulagsmálum fyrir sveitarfélögin?

Önnur leið?

- Vinna sameiginlega stefnumótun í málaflokkum;
 - Ferðamálastefnu
 - Atvinnustefnu
 - Samgöngustefnu
 - Stefnu um byggðapróun
 - Stefnu um orkuvinnslu, nýtingu auðlinda og verndun
 - Stefnu í fl. málaflokkum eftir atvikum
-
- Einfaldara og auðveldara að hafa stefnumótun lifandi og í sífelldri þróun
 - Ekki lögformlegt ferli, hefur þá ekki heldur bindandi stöðu fyrir sveitarfélög

Spurningar fyrir hópa?

1. Eru hagsmunir svæðisins sameiginlegir eða samræmanlegir í
 - Samgöngumálum?
 - Atvinnumálum?
 - Ferðamálum?
 - Landnýtingu, verndun og byggðapróun?
 - Öðrum málaflokkum?
2. Yrði sameiginlegt svæðisskipulag styrkur fyrir sveitarfélögin, eða yrði of dýrt að reka það, yrði það jafnvel hamlandi fyrir þróun samfélaganna?
3. Yrði sameiginleg stefnumótun í málaflokkum betri eða lakari leið til að þróa samfélögin áfram?
4. Ætti að leggja svæðisskipulag af og láta aðalskipulag hjá hverju nægja? Og jafnvel sameina heldur og stækka sveitarfélög?